

Samningur

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 500796-2359, annars vegar og Myndlistaskólinn í Reykjavík, kt. 460269-4079, Hringbraut 121, 101 Reykjavík, hins vegar gera með sér svofelldan samning:

1. gr.

Skilyrði og markmið

Starfsemi og starfsaðstaða skólans skal á hverjum tíma vera í samræmi við gildandi lög og reglur. Myndlistarskólinn aflar og kannar sakavottorð starfsfólks sem sinnir starfi með börnum og tryggir að þeir standist þær kröfur sem leiða af 4. mgr. 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007.

Markmið samningsaðila er að styrkja og efla myndlistarnám barna og unglinga í Reykjavík með því að styrkja námskeið sem haldin eru fyrir ákveðna aldurshópa af Myndlistaskólanum í Reykjavík, skv. lýsingu í 2. gr. samningsins.

Um framlagið samkvæmt samningi þessum gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg auk þess sem styrkþegi skal m.a. til samræmis við reglurnar skila skóla- og frístundaráði kyngreindum gögnum um þá sem veita eða njóta e.a. njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

2. gr.

Styrkt verkefni í Myndlistaskólanum í Reykjavík

- 2.1 Myndlistaskólinn í Reykjavík býður börnum og ungmönnum almenn vetrarnámskeið á vettvangi skólans í samræmi við samning þennan. Að jafnaði kenni skólinn á önn minnst 164 nemendum, á leik- og grunnskólaaldri, með lögheimili í Reykjavík, á almennum vetrarnámskeiðum sem fram fara í húsnæði skólans. Fyrir yngri hópana er boðið upp á almenn myndlistarnámskeið, þar sem nemendur kynnast ólíkum efnum og aðferðum en fyrir þá eldri er boðið upp á sérhæfðari námskeið, s.s. í teikningu og málun, myndasögugerð, hreyfimyndagerð, leirmótun og rennslu, skúlptúr og vídeólist. Á öllum námskeiðum eru viðfangsefni tengd listamönnum og listastefnum, þannig að börnin kynnast heimi myndlistarinnar og listasögunnar um leið og þau læra ólíka tækni og aðferðir.

Námskeiðin skulu vera í samræmi við almenn tilboð um vetrarnámskeið á vegum skólans og uppfylla skilyrði vegna nýtingar frístundakorts borgarinnar.

Styrkfjárhæð skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur til skólans vegna þessarar starfsemi er 22.000.000 kr. á gildistíma samningsins.

Greiðslur verða inntar af hendi mánaðarlega í 12 jöfnum greiðslum, eftirá.

- 2.2. Myndlistaskólinn setur í ársskýrslu í júní ár hvert fram lýsingu á framkvæmd þeirri sem fram fer á grundvelli þessa samnings. Þar er meðal annars gerð grein fyrir nemendafjölda, helstu verkefnum og framkvæmd þeirra, kennurum og öðru sem samningsaðilar vilja hafa í slíkri skýrslu. Hægt er að kalla eftir áfangaskýrslu ef þess er

talin þörf að mati styrkveitanda.

3. gr.

Áhrif fjölgunar nemenda og breytingar á tilboðum

Fækki skólinn tilboðum til barna og ungmenna í Reykjavík eða nýting þeirra dregst saman miðað við þær forsendur er koma fram í 2. gr. hér að framan mun skóla- og frístundasvið Reykjavíkur endurskoða styrkuppþæðina og má skólinn þá búast við lækkaðri styrkfjárhæð í samræmi við breyttar forsendur.

4.gr.

Upplýsingar og eftirlit

- 4.1 Myndlistaskólinn skilar ársskýrslu ásamt endurskoðuðum ársreikningi til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí ár hvert um liðið fjárhagsár.
- 4.2 Myndlistaskólinn veitir skóla- og frístundasviði Reykjavíkur allar upplýsingar um starfsemi Myndlistarskólans sem beðið er um, svo sem um nemendafjölda, aldur nemenda, búsetu nemenda og bókhald skólans. Enn fremur allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttektar sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða myndmenntakennslu í Reykjavík almennt.

5. gr.

Endurkrafa vegna ofgreiðslu eða vanefnda

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hafi ofgreitt styrkfjárhæð af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka styrkfjárhæð til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu.

Komi til vanefnda af hálfu annars hvors aðila samnings þessa er hinum aðilanum heimilt að grípa til viðeigandi vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

Verði á samningstímanum vanefndir á samningi þessum af hálfu skólans hvað varðar framkvæmdar þess sem hér er um samið áskilur skóla- og frístundasvið Reykjavíkur sér rétt til að stöðva greiðslur tafarlaust.

6. gr.

Gildistími og uppsögn

Samningur þessi gildir frá 1. ágúst 2025 og rennur út 31. júlí 2026 og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári en fjárhagsáætlun vegna ársins 2026 liggur ekki fyrir. Samningurinn er uppsegjanlegur hvenær sem er á tímabilinu af hálfu beggja samningsaðila með þriggja mánaða fyrirvara miðað við

næstu mánaðamót eftir uppsögn. Uppsögn skal vera skrifleg.

7. gr.

Þagmælska starfsfólks

Starfsfólk Myndlistaskólans skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

8. gr.

Persónuvernd

Reykjavíkurborg hefur það að markmiði að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vegum Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg hefur því sett sér persónuverndarstefnu í samræmi við ákvæði persónuverndar mun sú vinnsla vera í samræmi við persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem Reykjavíkurborg hefur kynnt verktaka við undirritun samnings þessa og er aðgengileg í heild sinni á heimasíðu Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/personuvernd>.

Komi til vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Myndlistaskólans fyrir Reykjavíkurborg í skilningi persónuverndarlaga, skal Reykjavíkurborg teljast ábyrgðaraðili í skilningi laganna og Myndlistaskólinn vinnsluaðili, enda leiði ekki annan skilning af lögunum. Myndlistaskólanum er þá einungis heimilt að starfa í samræmi við skrifleg fyrirmæli Reykjavíkurborgar.

Feli þjónustan í sér vinnslu persónuupplýsinga skulu samningsaðilar gera með sér sérstakan vinnslusamning og skal slíkur vinnslusamningur vera viðauki við samning þennan.

9. gr.

Framsal

Samningsaðila er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt styrktarsamningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

10. gr.

Varnarþing

Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um styrktarsamning þennan skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

11. gr.

Undirritun

Samningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.